



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

---

## HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURNESJA

VÍÐIHLÍÐ ÖLDRUNARDEILD  
ÞAKVIÐGERÐIR

**SKILAGREIN**

FEBRÚAR 2011



## EFNISYFIRLIT

<b>ALMENNT UM SKILAGREINAR</b> .....	<b>3</b>
<b>1.0 UNDIRBÚNINGUR</b> .....	<b>3</b>
1.1 Lýsing framkvæmdar .....	3
1.2 Frumathugun.....	3
1.3 Áætlunargerð .....	3
1.4 Áætlun um stofnkostnað .....	3
<b>2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD</b> .....	<b>4</b>
2.1 Útboð, tilboð og verksamningar .....	4
2.2 Framvinda .....	5
2.3 Eftirlit og úttektir .....	5
<b>3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR</b> .....	<b>6</b>
3.1 Heildarkostnaður.....	6
<b>4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>6</b>
4.1 Árangur framkvæmdarinnar .....	6
4.2 Staðfesting skilagreinar.....	6

---

## ALMENNT UM SKILAGREINAR

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: **“Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati”**. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd **“skilagrein”** til afmörkunar frá skilamati.

Hér fer á eftir skilagrein framkvæmdar.

## 1.0 UNDIRBÚNINGUR

### 1.1 Lýsing framkvæmdar

Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir endurnýjun þakklæðningar og svalahandriða við Víðihlíð, öldrunardeild Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja í Grindavík, sem framkvæmd var á árinu 2009.

Í húsnæðinu eru heimili fyrir aldraða og hjúkrunardeild Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Skipt var um þakklæðningu og flasningar á öllum þremur álum hússins og svalahandrið endurnýjuð á B og C- álmu.

Verkkaupi var Fasteignir ríkissjóðs. Víðihlíð er í eigu ríkis og Grindavíkurbæjar.

Framkvæmdasýsla ríkisins hafði umsjón og eftirlit með verkefninu fyrir hönd verkkaupa. Verkefnisstjóri var Guðmundur Pálsson hjá FSR.



Víðihlíð í Grindavík.

## 1.2 Frumathugun

Að beiðni Heilbrigðisstofnunar suðurnesja og Grindavíkurbæjar gerði FSR úttekt utanhúss á dvalar- og hjúkrunarheimilinu í ágúst 2000. Þak hússins var klætt með trapisulaga þakstáli nelgdu með ryðfríum saum. Mjög víða var komið mikið ryð í þakstálið í kringum naglahausana auk þess sem þakstálið var víða brunnið af ryði neðst. Það var því ljós að þakstálið átti ekki marga lífdaga eftir.

Svalahandrið sem fest voru við trésúlur og steypt svalagólf voru víða illa skemmd af fúa. Mælt var með endurnýjun tréverks á svölum. Ekki liggur fyrir formleg frumhönnun.

## 1.3 Áætlunargerð

### Hönnun


Hönnun burðarþols þakklæðningar og frágangs svalahandriða sem unnin var um mitt ár 2008 var byggð á ofangreindum niðurstöðum. Skipt er um þakklæðningu, þakpappa, flasningar, þaktúður, inn- og útaksháfa og panelborð í þakkassa á nokkrum stöðum. Þá var ákveðið að endurnýja allt tréverk á svölum, bæði súlur, lárétta bita í þaki og handrið.

### Ráðgjafar

Tækniþjónusta SÁ ehf annaðist hönnun verkefnisins.

## 1.4 Áætlun um stofnkostnað

Heildarkostnaðaráætlun FSR vegna framkvæmdanna var í janúar 2008 kr. 35.000.000.



Þakýfirlit. Teikning S.Á.Tækniþjónustunnar ehf.



Víðihlíð í Grindavík.

## 2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD

### 2.1 Útboð, tilboð og verksamningar

Fasteignir ríkissjóðs óskuðu eftir því, í tölvu-  
pósti dagsettum 10. febrúar 2009, að FSR  
bjóði út framkvæmdir við Víðihlíð í Grindavík.

Boðin var út framkvæmdin Víðihlíð Grindavík,  
endurnýjun þakklæðningar og svalahandriða.

Framkvæmdirnar fólust í að skipta um þak-  
klæðningu, þakpappa, flasningar og annað  
það sem talið er upp í verklýsingu og magn-  
skrá.

Á nokkrum stöðum var skipt út panel-  
klæðningu í þakkassa sem orðin var léleg.  
Einnig voru endurnýjaðar þrjár þaktúður og  
tveir inn- og útkastháfar á þaki. Allt tréverk var  
endurnýjað á fimm svölum á B og C álmu.

Helstu magntölur:

Þakjárn 1790 m<sup>2</sup>  
Handrið 46 m

Tilboð voru opnuð 3. mars 2009. Niðurstöður útboðsins eftir yfirferð tilboða voru eftirfarandi.

Niðurstöður	kr.	hlutfall
BH Byggingafélag ehf.	14.920.360	56,4%
Grindin ehf.	15.167.551	57,3%
Betra heimili ehf.	15.229.450	57,8%
UR – Trésmíði ehf.	15.975.349	60,4%
Sparri ehf.	16.264.750	61,4%
HH Smíði ehf.	17.602.960	66,5%
HR Verktakar ehf.	17.654.138	66,7%
K 16 ehf.	17.654.740	66,7%
Mótx ehf.	17.701.998	66,9%
Íslenskir aðalverktakar hf.	18.704.042	70,7%
Stálborg ehf.	19.344.400	73,1%
Atafl ehf.	19.942.013	75,4%
Trésmíðar Sæmundar ehf.	20.525.000	77,6%
Kári H Bessason	20.566.888	77,7%
Ás Smíði ehf.	21.227.900	80,2%
S. Arnar Jóhannesson	21.622.551	81,7%
Gilson ehf.	21.649.151	81,8%
M. Hlíðdal ehf.	21.900.000	82,8%
TSA ehf.	22.972.000	86,8%
Húsagerðin hf.	24.424.370	92,3%
Sögun ehf.	24.958.300	94,3%
Spesart ehf.	25.139.600	95,0%
HK Verk ehf.	25.768.836	97,4%
Spýtan ehf.	26.131.600	98,8%
Húsheild ehf.	26.298.572	99,4%
Múr- og málingarþjónustan Höfn ehf.	30.885.000	116,7%
Ísblikk ehf.	31.841.500	120,4%
Kostnaðaráætlun	26.457.124	100,0%

Framangreindar tilboðsfjárhæðir innihalda tilboð í áætlun aukaverk, sem koma þó ekki til greiðslu nema til þeirra komi á framkvæmda-tímanum. Í samningi við verktaka eru auka-verkin því undanskilin í samningsfjárhæðinni.



Svalahandrið komin upp.

Þann 26 mars 2009 var tilboði Grindarinnar ehf að fjárhæð 14.467.551 kr með vsk. tekið, sem var 56,8% af kostnaðaráætlun. Gerður var skriflegur samningur í framhaldi af því.

## 2.2 Framvinda

Verkið hófst þegar taka tiboðs var staðfest þann 7. apríl 2009. Verkið gekk framur vonum. Lokið var við endurnýjun þakklæðningar í júní og við handriðin í byrjun júlí 2009.

Farið var í að smíða nýjan kassa upp í úttaksháf og að setja snjóvörn á þakið yfir starfsmannainngangi að sunnanverðu. Kostnaður vegna magnbreytinga, aukaverka og viðbótarverka var alls 174.276 krónur.

## 2.3 Eftirlit og úttektir

Eftirlit með framkvæmdunum hafði Hafsteinn Steinarsson, verkefnastjóri hjá FSR.

Lokaúttekt FSR fór fram 15. júlí 2009, að viðstöddum verktaka. Engar athugasemdir voru gerðar. Ábyrgðarúttekt fór fram 9. ágúst 2010.



### 3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR

#### 3.1 Heildarkostnaður

Heildarkostnaður verksins samkvæmt fjárhagsbókhaldi nam samtals 17.165.935 krónum í árslok 2010. Í heildarkostnaði er innifalin hönnun, umsjón og eftirlit.

Heildarkostnaður er á verðlagi hvers árs.



### 4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR

#### 4.1 Árangur framkvæmdarinnar

Framkvæmdirnar tókust vel og gæði verks urðu eins og að var stefnt. Verkið var vel skilgreint í upphafi og verktaki kunni vel til verka.

Heildarverkinu var skilað vel innan áætlunar um kostnað.

#### 4.2 Staðfesting skilagreinar

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Óskar Valdimarsson, forstjóri